

VIÐSKIPTI/ATHAFNALÍF



Gert grein fyrir sölu á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands. Geir H. Haarde fjármálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra, Ólafur Ólafsson, forstjóri Samskipa og formælandi S-hópsins, og Peter Gatti, framkvæmdastjóri þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA.

Ríkið selur 45,8% í Búnaðarbankanum

Í GÆR var undirritaður kaupsamningur um kaup S-hópsins svokallaða auk þýsks fjárfestingarbanka á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands. Kaupverðið er um 11,9 milljarðar króna en núvirt meðalgengi hlutabréfa í bankanum í viðskiptunum er 4,81.

Eftir viðskiptin er eignarhlutur ríkisins í Búnaðarbankanum um 9%. Kaupendur eru Egla hf., Vátryggingafélag Íslands hf., Samvinnulífeyrissjóðurinn og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar. Egla er hlutafélag í eigu þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, Kers hf. og VÍS.

Kaupsamningurinn, sem var undirritaður í höfuðstöðvum Búnaðarbankans á fjórða tímanum eftir hádegi í gær, er gerður á grundvelli samkomulags aðila frá 15. nóvember 2002.

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra undirrituðu kaupsamninginn fyrir hönd íslenska ríkisins.

Framkvæmdanevnd um einkavæðingu hafði umsjón með sölu á hálfu ríkisins. Aðalráðgjafi nefndarinnar var enski bankinn HSBC, sá hinn sami og var aðalráðgjafi ríkisins við sölu á 45,8% hlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. til Samsonar ehf., en samningur þar um var undirritaður á síðasta degi ársins 2002.

Aðalráðgjafi kaupenda var franskur bankinn Société Générale.

Óheimilt að selja í 21 mánuð

Afhending og greiðsla hlutabréfanna verður tvískipt. Annars vegar verða 27,48% hlutafjár afhent í kjölfar undirritunar kaupsamningsins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Hins vegar verða rúmlega 18,32% hlutabréfanna afhent eigi síðar en 20. desember 2003.

Kaupverð Búnaðarbankans er að

Þýskur banki kaupir 16,3% hlut og félögin standa að S-hópn-um kaupa 29,5%. Kaupverðið er 11,9 milljarðar.

tveimur þriðju hlutum greitt í Bandaríkjadöllum og segir í sameiginlegri fréttatilkynningu seljanda og kaupenda, að það verði einkum nýtt til greiðslu erlendra skulda ríkissjóðs.

Hlutabréf, sem nema þriðjung hlut hlutafjár í Búnaðarbankanum, eru bundin þeim kvóðum að kaupendum er óheimilt að selja þau í 21 mánuð frá undirritun kaupsamningsins nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda. Samkvæmt samningnum koma kaupendur fram sem einn hluthafi.

Hlutur þýska bankans og Kers stærstur

Eignarhlutir samkvæmt samningnum skiptast milli kaupenda með eftirfarandi hætti:

Egla hf. 71,2%,
Vátryggingafélag Íslands hf. 12,7%.
Samvinnulífeyrissjóðurinn 8,5%.
Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar 7,6%.

Hlutur Egla skiptist þannig að Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA á 35,6%, Ker á 35,2% og Vátryggingafélag Íslands 0,4%.

Hlutur þýska bankans í Búnaðarbankanum er því 16,3%, hlutur Kers er 16,1%, samanlagður hlutur VÍS er 6,0%, hlutur Samvinnulífeyrissjóðsins 3,9% og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga 3,5%.

Þýski bankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA er að 70% í eigu einstaklinga og 30% í eigu

stofnfjárfesta. Hann var stofnaður fyrir 206 árum og er meðal annars með starfsemi í Sviss og Lúxemborg auk Þýskalands. Höfuðstöðvar bankans eru í Frankfurt í Þýskalandi. Bankinn sérhæfir sig í sjóða- og eignastýringu fyrir stofnanir og einkaaðila, umsjón verðbréfa fyrir sjóði og fjármálastjórn fyrirtækja og einstaklinga.

Fram kemur í tilkynningu vegna kaupanna að í árslok 2001 hafi Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA farið með stjórn eigna og sjóða að andvirði 12 milljarða evra, sem svarar til um þúsund milljarða íslenskra króna. Brúttó heildareignir í samstæðurreikningi bankans námu 1.694 milljónum evra, jafnvirði um 143 milljarða íslenskra króna, og eigið fé nam 107 milljónum evra, um 9 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar má geta þess að á sama tíma, þ.e. í árslok 2001 voru heildareignir samstæðu Búnaðarbankans um 200 milljarðar króna og eigið fé um 13 milljarðar. Samkvæmt tilkynningunni hefur þýski bankinn á síðustu þremur árum skilað nærri 30% arðsemi á eigið fé eftir skatta.

Mikil tíðindi að erlendum banki taki þátt

Í fréttatilkynningu frá kaupendum á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum segir að það sé mikil tíðindi að traustur, erlendum banki taki þátt í að fjárfesta í íslenski fjármálastofnun. Búnaðarbankinn komi til með að njóta þekkingar, reynslu og viðskiptasambanda þýska bankans í starfsemi sinni. Enn mikilvægara sé að með eignarhaldi þýska bankans í Búnaðarbankanum skapist tengsl sem íslensk fyrirtæki geti notfært sér til að styrkja starfsemi sína og sókn á erlendum mörkuðum. Þetta sé afar mikilvægt þegar haft sé í huga að möguleikar íslenskra fyrirtækja til að vaxa verulega og dafna tengist fyrst og fremst alþjóðlegri starfsemi.

Peter Gatti Fjárfestingin endurskoðuð eftir tvö ár

PETER Gatti, framkvæmdastjóri og meðeigandi þýska fjárfestingarbankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, segir að Búnaðarbankinn sé vænleg fjárfesting. Þá telji hinn þýski banki einnig að hann hafi hag af því að miðla af sérþekkingu sinni. „Búnaðarbankanum svipar mjög til okkar banka og við höfum góðan skilning á því sem hann gerir,“ segir hann.

Gatti segir að bankinn hafi fjárfest í mörgum miðlungsstöfum einkafyrirtækjum og einnig náð góðum árangri við samruna og yfirtökur á síðustu fjórum árum. Bankinn hafi sjálfur mjög jákvæða reynslu af samruna við Bankhaus Aufhäuser í München, sem áður var í eigu Bayerische Landesbanke.

Starfsmenn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers eru um 450 að tölu. Helstu viðskiptavinir bankans eru tryggingafélög og lífeyrissjóðir.

Gatti segir að bankinn muni halda eignarhlut sínum í Búnaðarbankanum í a.m.k. tvö ár, eins og kveðið er á um í kaupsamningnum. Að þeim tíma liðnum verði ávöxtunin metin og fjárfestingin endurskoðuð.

Valgerður Sverrisdóttir Samningurinn er í takt við tímenn

„ÞETTA er stór stund því þetta er búið að taka mikinn tíma og orku,“ segir Valgerður Sverrisdóttir um sölu á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. „Samningurinn er góður því verðið er gott, auk þess sem það er áhugavert að fá erlendan banka inn í kaupin. Að því hefur ríkisstjórnin stefnt allt frá árinu 1995. Vel hefur því tekist til í þessum viðskiptum.“

Hún segir að samningurinn sé í takt við tímenn. Sá tími sé liðinn að það sé skortur á fjármagn til útlána. Við slíkar aðstæður hafi kannski þurft pólitískt vald til að hafa stjórn á þeim málum. Þá falli það mjög vel að stefnu ríkisstjórnarinnar að vera ekki í atvinnurekstri þar sem einkaaðilar geti spjarað sig jafn vel ríkið.

Valgerður segir að ekki sé hægt að útiloka að framundan sé samningur á fjármálamarkaði. Möguleikarnir í þeim efnum séu hins vegar ekki miklir. Einhver þróun muni þó væntanlega eiga sér stað. „Ég sé ekki að það muni verða stórar sameiningar á fjármálamarkaði, enda held ég að það væri ekki æskilegt fyrir neytendur.“

Hún segir að það geti ekki annað en verið neytendum í hag að fá erlendan banka til landsins. Það auki samkeppnina sem talað hafi verið um að hafi vantað.

Í samningnum um sölu ríkisins á 45,8% hlut í Landsbankanum, sem undirritaður var á gamlársdag á síðasta ári, er ákvæði þar sem Samson ehf. áskilur sér rétt til að

endurskoða samninginn ef S-hópurinn, eða annar aðili í hans stað, nær hagstæðari greiðslukjörum um kaup á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

Valgerður segir að samningarnir tveir um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, annars vegar, og á hlut ríkisins í Landsbankanum, hins vegar, séu mjög áþekkir. Ekkert tilefni sé því til að endurskoða samninginn um sölu á Landsbankanum.

Ólafur Ólafsson Í samræmi við það sem lagt var af stað með

ÓLAFUR Ólafsson, forstjóri Samskipa, sem hefur verið formælandi S-hópsins, segist mjög ánægður með að þeim áfanga sé náð að samningur um kaup á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum hafi verið undirritaður. Hann segir að kaupsamningurinn sé í meginatriðum í samræmi við það sem farið hafi verið af stað með þegar fyrst var rætt um kaupin.

„Nokkrir bankar sýndu því áhuga að taka þátt í þessu með okkur,“ segir Ólafur. „Við völdum þýska bankann úr þeim hópi, að undangenginni skoðun, því við töldum hann heppilegastan fyrir Búnaðarbankann og okkar starf.“ Ólafur segir að franskur bankinn Société Générale, sem var aðalráðgjafi kaupenda, verði það áfram. Bankinn muni einnig koma að fjármögnun kaupanna, að því marki sem þörf verði á, en hann segist ekki telja það aðalatriði.



Sólun Sigurðsson Áhugavert að fá þýska bankann inn

SÓLUN Sigurðsson, bankastjóri Búnaðarbanka Íslands, segir að stjórnendum bankans lítist mjög vel á sölu á hlut ríkisins í bankanum. Hann segist vona að það sama muni og eiga við um starfsmenn bankans. Þá sé ánægjulegt að þessu ferli sé lokið og hægt verði að takast á við önnur verkefni, bankanum til framtíðar.

„Það er sérstaklega áhugavert að fá þýska bankann inn,“ segir Sólun. „Athugað verður hvar hægt er að vinna með honum og vonandi verður líka hægt að læra af honum.“

Sólun segist gera ráð fyrir að viðskiptavinir Búnaðarbankans muni njóta vaxtar bankans og þess að hann muni verða enn hagkvæmari en nú er.

Besta ávöxtun skuldabréfasjóða 2002

13,2%

Skuldabréfasjóður SPH Verðbréfa, skv. Lánstrausti hf.